REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 385/2015 um gildistöku framseldra reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 574/2014 um breytingu á III. viðauka og nr. 568/2014 um breytingu á V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 að því er varðar mat á nothæfi byggingarvara, sannprófun á stöðugleika þess, og fyrirmyndina sem skal nota við gerð yfirlýsingar um nothæfi byggingarvara.

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, 4. tölul., svohljóðandi:

4. Framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/695 frá 9. apríl 2025 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 305/2011 með því að ákvarða viðmiðunargildi og nothæfisflokka fyrir varanlegan festingarbúnað og öryggiskróka. Gerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 30, 7. maí 2026, bls. 260-263.

2. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 5. tölul 7. gr. laga nr. 114/2014 um byggingarvörur, öðlast þegar gildi.

Félags- og húsnæðismálaráðuneytinu, 22. október 2026.

Ragnar Þór Ingólfsson
félags- og húsnæðismálaráðherra.

Hildur Dungal.

B deild - Útgáfudagur: 6. nóvember 2026